

## AUGLÝSING

### um starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði.

#### „STARFSREGLUR um skipulag kirkjunnar í héraði.

1. gr.

Sóknir, prestaköll, prófastsdæmi og umdæmi vígslubiskupa eru tilgreind í 12. gr. starfsreglna þessara.

2. gr.

Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.

3. gr.

Hver sóknarmaður getur gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla skulu fá umsögn á aðal- safnaðarfundum viðkomandi sókna og því næst bornar upp á héraðsfundi, sem sendir þær biskupafundi. Hann býr málið til kirkjuþings.

Tillögur um breytingar á skipan prófastsdæma skulu fá umsögn á viðkomandi héraðs- fundum og því næst sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.

4. gr.

Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti. Við mat á skipan sókna skal líta til þjónustuþarfa, sögulegra og menningarlegra verðmæta.

5. gr.

Ef prestakalli er skipt hefur skipaður sóknarprestur rétt á að ráða hvoru prestakallinu hann þjónar eftirleiðis.

6. gr.

Sameining sókna eða skipting sóknar skal að jafnaði taka gildi 1. desember eftir að kirkjuþing það ár hefur hefur samþykkt sameiningu eða skiptingu.

7. gr.

Sé sókn skipt skal uppgjör vegna eigna og skulda fara eftir hlutfallstölu sóknarmanna. Sóknarkirkja ásamt búnaði tilheyrir þeirri sókn þar sem kirkjan stendur. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð, í nýju byggðahverfi, á hin nýja sókn óskert tilkall til þeirra fjármuna, sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að fráreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu, sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu, meðan sóknin var óskipt. Heimilt er að hafa fjárskil eftir annarri reglu ef um það næst samkomulag milli sóknanna. Framkvæmd fjárskipta er í höndum þriggja manna skilanefndar er biskup skipar hverju sinni.

## 8. gr.

Ef sóknir óska eftir að eiga samstarf sín á milli um byggingu og/eða rekstur kirkju og safnaðarheimilis skal gera skriflegan samstarfssamning, þar sem kveðið er á um hvaða starfi skuli haldið uppi, hvaða reglur gildi um afnot og umgengni, sbr. starfsreglur um afnot af safnaðarheimilum og hver ábyrgist daglegan rekstur og stjórn. Einnig skal tiltaka hvaða endurgjald skuli innt af hendi fyrir afnotin.

## 9. gr.

Með tillögu um breytingu skv. 4. gr., skal leggja fram tillögu að staðsetningu prestsseturs ef þörf krefur, að höfðu samráði við sóknarprest og sóknarnefndir, biskupafund og kirkjuráð. Enn fremur skulu fylgja tillögur um hvaða kirkja skuli verða sóknarkirkja. Ef heppilegt þykir að sóknir sameinist um kirkju og/eða safnaðarheimili skal biskupafundur gera tillögur um þau efni. Biskupafundur skal enn fremur leggja fram tillögur um það hvaða kirkjur skuli verða kapellur eða greftrunarkirkjur. Þar sem hefð stendur til er heimilt að þær haldi nafni sínu.

## 10. gr.

Sóknarkirkja skal vera í hverri sókn. Þó er sóknum heimilt að sameinast um sóknarkirkju.

## 11. gr.

Ef sóknir sameinast skal aðalsafnaðarfundur hinnar sameinuðu sóknar ákveða hvar sóknarkirkja skal vera og hvaða kirkjur verða kapellur, svo og hvaða kirkjur skuli afleggjast, verða afhentar til minjavörslu, ef því er að skipta, eða ráðstöfun þeirra með öðrum hætti.

## 12. gr.

Skipan vígslubiskupsdæma, prófastsdæma, prestakalla, sókna og prestssetra skal vera sem hér segir:

	<b>Skálholtsumdæmi</b>	
<i>Prófastsdæmi</i>	<i>Sóknir sem mynda prestaköll prófastsdæmisins</i>	<i>Prestssetur</i>
<b><i>Sktafellsprófastsdæmi</i></b>		
Bjarnanesprestakall	Bjarnanes- og Hafnarsóknir	Höfn í Hornafirði
Kálfafellsstaðarprestakall	Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir	Kálfafellsstaður
Kirkjubæjarklaustursprestakall	Grafar-, Langholts-, Prestsbakka- og Þykkvabæjarsóknir	Kirkjubæjarklaustur
Víkurprestakall	Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir	Vík
<b><i>Rangárvallaprófastsdæmi</i></b>		
Breiðabólstaðarprestakall	Breiðabólstaðar-, Hlíðarenda- og Stórolfshvolssóknir	Breiðabólstaður
Fellsmúlaprestakall	Árbæjar-, Haga-, Kálfhólts-, Skarðs- og Marteinstungusóknir	Fellsmúli
Holtsprestakall	Akureyjar-, Ásólfsskála-, Eyvindarhóla-, Kross- og Stóra-Dalssóknir	Holt
Oddaprestakall	Keldna-, Odda- og Þykkvabæjarsóknir	Oddi
<b><i>Árnesprófastsdæmi</i></b>		
Eyrbakkaprestakall	Eyrbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir	Eyrbakki
Hraungerðisprestakall	Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir	Hraungerði
Hveragerðisprestakall	Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir	Hveragerði
Mosfellsprestakall í Grímsnesi	Mosfells-, Miðdals-, Búrfells-, Stóru-Borgar- og Úlfjótuvatnssóknir	Mosfell

<i>Prófastsdæmi</i>	<i>Sóknir sem mynda prestaköll prófastsdæmisins</i>	<i>Prestssetur</i>
Þingvallaprestakall	Þingvallasókn	
Hrunaprestakall	Hruna- og Hrepphólasóknir	Hruni
Selfossprestakall	Selfosssókn	Selfoss
Skálholtsprestakall	Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir	Skálholt
Stóra-Núpsprestakall	Stóra-Núps- og Ólafsvallasóknir	Tröð
Þorlákshafnarprestakall	Hjalla- og Strandarsóknir	Þorlákshöfn
<b><i>Kjalarnessprófastsdæmi</i></b>		
Garðaprestakall	Bessastaða- og Garðasóknir	
Grindavíkuprestakall	Grindavíkursókn	Grindavík
Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarsókn	
Keflavíkuprestakall	Keflavíkursókn	
Mosfellsprestakall	Lágafellssókn	Mosfell
Njarðvíkurprestakall	Kirkjuvogs-, Njarðvíkur- og Ytri Njarðvíkursóknir	
Reynivallaprestakall	Brautarholts- og Reynivallasóknir	Reynivellir
Tjarnaprestakall	Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir	
Útskálaprestakall	Útskála- og Hvalsnessóknir	Útskálar
Vestmannaeyjaprestakall	Ofanleitissókn	Vestmannaeyjar
Viðistaðaprestakall	Viðistaðasókn	
<b><i>Reykjavíkuprófastsdæmi eystra</i></b>		
Árbæjarprestakall	Árbæjarsókn	
Breiðholtsprestakall	Breiðholtssókn	
Digranesprestakall	Digranessókn	
Fellaprestakall	Fellasókn	
Grafarholtsprestakall	Grafarholtssókn	
Grafarvogsprestakall	Grafarvogssókn	
Hjallaprestakall	Hjallasókn	
Hólabrekkuprestakall	Hólabrekkusókn	
Kársnesprestakall	Kársnessókn	
Lindaprestakall	Lindasókn	
Seljaprestakall	Seljasókn	
<b><i>Reykjavíkuprófastsdæmi vestra</i></b>		
Ásprestakall	Ássókn	
Bústaðaprestakall	Bústaðasókn	
Dómkirkjuprestakall	Dómkirkjusókn	
Grensásprestakall	Grensásókn	
Hallgrímsprestakall	Hallgrímssókn	
Háteigsprestakall	Háteigssókn	
Langholtsprestakall	Langholtssókn	
Laugarnesprestakall	Laugarnessókn	
Nesprestakall	Nessókn	
Seltjarnarnesprestakall	Seltjarnarnessókn	

<i>Prófastsdæmi</i>	<i>Sóknir sem mynda prestaköll prófastsdæmisins</i>	<i>Prestssetur</i>
<b><i>Borgarfjarðarprófastsdæmi</i></b>		
Borgarprestakall	Borgar-, Borgarnes-, Álftanes-, Álftártungu- og Akrasóknir	Borg á Mýrum
Garðaprestakall á Akranesi	Akranessókn	Akranes
Hvanneyrarprestakall	Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir	Hvanneyri
Reykholtsprestakall	Reykholt-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir	Reykholt
Saurbæjarprestakall	Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmsóknir	Saurbær
Stafholtsprestakall	Stafholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir	Stafholt
<b><i>Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi</i></b>		
Dalaprestakall	Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals-, Hjarðarholts-, Dagverðarnes-, Hvamms- og Staðarfellssóknir	Búðardalur
Ingjaldshólsprestakall	Ingjaldshólssókn	Hellissandur
Ólafsvíkuprestakall	Ólafsvíkursókn	Ólafsvík
Setbergsprestakall	Setbergssókn	Grundarfjörður
Staðastaðarprestakall	Staðastaðar-, Búða-, Fáskrúðarbakka-, Hellna-, Kolbeinstaða- og Staðarhraunssóknir	Staðastaður
Stykkishólmsprestakall	Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólstaðarsóknir	Stykkishólmur
<b><i>Vestfjarðarprófastsdæmi</i></b>		
Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakall	Bíldudals-, Brjánslækjar-, Haga- og Stóra-Laugardalssóknir	Bíldudalur
Bolungarvíkurprestakall	Hólssókn	Bolungarvík
Holtsprestakall	Holts-, Flateyjar- og Kirkjubólssóknir	Holt
Ísafjarðarprestakall	Ísafjarðar-, Hnífsdals- og Unaðsdalssóknir	Ísafjörður
Patreksfjarðarprestakall	Patreksfjarðar-, Breiðuvíkur-, Sauðlauksdals- og Saurbæjarsóknir	Patreksfjörður
Reykhólaprestakall	Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar-, Skarðs- og Staðarhólssóknir	Reykhólar
Staðarprestakall	Staðar-, Súðavíkur-, Vatnsfjarðar- og Ögursóknir	Suðureyri
Þingeyrarprestakall	Hrafseyrar-, Mýra-, Núps-, Sæbóls- og Þingeyrarsóknir	Þingeyri

<b>Hólaumdæmi</b>		
<i>Prófastsdæmi</i>	<i>Sóknir sem mynda prestaköll prófastsdæmisins</i>	<i>Prestssetur</i>
<b><i>Húnavatnsprófastsdæmi</i></b>		
Breiðabólstaðarprestakall	Tjarnar-, Vestur-Hópshóla-, Breiðabólstaðar- og Hvammssóknir	Hvammstangi
Hólmavíkurprestakall	Árnes-, Drangnes-, Kaldrananes-, Hólmavíkur-, Kollafjarðarnes-, Melgraseyjar-, Nauteyjar- og Óspakseyrarsóknir	Hólmavík
Melstaðarprestakall	Melstaðar-, Prestbakka-, Staðarbakka-, Staðar- og Víðidalstungusóknir	Melstaður
Skagastrandarprestakall	Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Hofs-, Holtastaða-, Höfða- og Höskuldsstaðasóknir	Skagaströnd
Þingeyraklaustursprestakall	Auðkúlu-, Blönduós-, Svinavatns-, Undirfells- og Þingeyrarsóknir	Blönduós
<b><i>Skagafjarðarprófastsdæmi</i></b>		
Glaumbæjarprestakall	Glaumbæjar-, Viðimýrar-, Reynistaðar- og Rípursóknir	Glaumbær
Hofsóss- og Hólaprestakall	Hofsós-, Hofs-, Fells-, Barðs-, Hóla- og Viðvíkursóknir	Hofsós

<i>Prófastsdæmi</i>	<i>Sóknir sem mynda prestaköll prófastsdæmisins</i>	<i>Prestssetur</i>
Miklabæjarprestakall	Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar-, Hofsstaða-, Mælifells-, Reykja- og Goðdalasóknir	Miklibær
Sauðárkróksprestakall	Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir	Sauðárkrókur
Siglufjarðarprestakall	Siglufjarðarsókn	Siglufjörður
<b><i>Eyjafjarðarprófastsdæmi</i></b>		
Akureyrarprestakall	Akureyrarsókn	
Dalvíkurprestakall	Valla-, Tjarnar-, Urða-, Upsa- og Miðgarðasóknir	Dalvík
Glerárprestakall	Lögmannshlíðarsókn	
Hríseyjarprestakall	Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir	Hrísey
Laugalandsprestakall	Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir	Syðra-Laugaland
Möðruvallaprestakall	Möðruvallaklaustursókn	Möðruvellir
Ólafsfjarðarprestakall	Ólafsfjarðarsókn	Ólafsfjörður
<b><i>Þingeyjarprófastsdæmi</i></b>		
Grenjaðarstaðarprestakall	Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða-, Nes- og Þóroddsstaðasóknir	Grenjaðarstaður
Húsavíkurprestakall	Húsavíkursókn	Húsavík
Laufásprestakall	Laufáss-, Grenivíkur-, Svalbarðs-, Lundarbrekku-, Ljósavatns- og Hálssóknir	Laufás
Skinnastaðarprestakall	Skinnastaðar-, Garðs-, Snartastaða- og Raufarhafnarsóknir	Skinnastaður
Skútustaðaprestakall	Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólsóknir	Skútustaðir
Langanessprestakall	Svalbarðs- og Þórshafnarsókn	Þórshöfn
<b><i>Múlaprófastsdæmi</i></b>		
Eiðaprestakall	Eiða-, Hjaltastaða-, Kirkjubæjar-, Sleðbrjóts- og Bakkagerðissóknir	Eiðar
Hofsprestakall	Hofs- og Vopnafjarðarsóknir	Hofsós
Seyðisfjarðarprestakall	Seyðisfjarðarsókn	Seyðisfjörður
	Skeggjastaðasókn – er þjónað af sóknarpresti Langanessprestakalls, Þingeyjarprófastsdæmi	
Vallanessprestakall	Vallanes-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir	Egilsstaðir
Valþjófsstaðarprestakall	Valþjófsstaðar-, Ás-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir	Valþjófsstaður
<b><i>Austfjarðarprófastsdæmi</i></b>		
Djúpavogsprestakall	Djúpavogs-, Berunes-, Berufjarðar- og Hofssóknir	Djúpivogur
Eskifjarðarprestakall	Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir	Eskifjörður
Heydalaprestakall	Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir	Heydalir
Kolfreyjustaðarprestakall	Kolfreyjustaðarsókn	Kolfreyjustaður
Norðfjarðarprestakall	Norðfjarðar- og Brekkursóknir	Neskaupstaður

## 13. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. desember 2007. Jafnframt falla brott starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 731/1998, með síðari breytingum.

Sameining Mælifellsprestakalls og Miklabæjarprestakalls, Skagafjarðarprófastsdæmi, tekur gildi við starfslok núverandi sóknarprests Mælifellsprestakalls.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Meðan núverandi sóknarprestur í Bildudals- og Tálknafjarðarprestakalli gegnir embætti er honum heimilt að búa á Tálknafirði í prestssetri sem stjórn prestssetra leggur til.

*Gjört í Reykjavík, 25. október 2007.*

Pétur Kr. Hafstein,  
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir  
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 25. október 2007.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, forseti kirkjuráðs.